

## Vinnuverndarvikan 2016 – ný stuttmynd um Napo frá Evrópsku vinnuverndarstofnuninni

Í nýrri skemmtilegri teiknimynd frá Evrópsku vinnuverndarstofnuninni um teiknimyndafígúruna Napo ferðast hann fram og aftur í tíma til að sýna okkur hvernig ýmiss vandamál í vinnuumhverfi starfsfólks eins og vond líkamsstaða, hávaði og hreyfingarleysi geta haft áhrif þegar fólk eldist – þ.e. langtíma álagsmeinin.

Þetta er bráðskemmtileg og fróðleg teiknimynd sem styður ötullega við boðskap Evrópsku vinnuverndarvikkunnar um “örugga og heilsusamlega vinnustaði fyrir alla”. Vinnuverndarvikan er einmitt líðandi vika – vika 43 þ.e. 23 október til 29 október. Vinnueftirlitið er með sérstakta dagskrá í vinnuverndarvikunni eins og venjulega (morgunverðarfund o.fl).

Napo teiknimyndapersónan er mörgum vel kunnug enda til mikill fjöldi mynda með honum í tengslum við vandamál í vinnuverndar- og öryggismálum. Í þessari nýju mynd beinist sjónarhornið að því að vinnuveitur okkar sem ungt starfsfólk hefur mikil áhrif á okkur þegar við tökum að eldast.

Napo hittir í teiknimyndinni nútíma álfkonu sem gefur honum nútíma töfrasprota þ.e. einskonar töfra-joystick sem Napo notar í heimsóknum á “Evrópska vinnustaði” sem glíma við ýmiss vinnuverndarvandamál eins og hæðarstillingu vinnuborða, óheppilegt vinnulag, hávaðasamar vélar o.fl.

Með töfra-joyskinu ferðast Napo fram og til baka í tíma og uppgvötur hvernig óheppilegt vinnuumhverfi hefur slæm áhrif á heilsufar og starfsgetu starfsmannanna þegar þeir eldast. Hinn hjálpsami Napo grípur að sjálfsgöðu til skapandi úrræða til að finna lausnir á vandamálunum – áhorf á þessa tæplega 10 mínútna mynd er tíma vel varið.

Myndin er aðgengileg á: <https://www.healthy-workplaces.eu/en/napo-film>

Þess má loks geta að á heimasíðu Evrópsku vinnuverndarstofnunarinnar má finna mikið safn áhugaverðra mynda um ævintýri Napo á sviði vinnuverndar- og öryggismála – þetta safn er kjörið fyrir ráðgjafa, kennara o.fl. starfsstéttir – fyrir unga sem eldri áhorfendur.

Heimasíða Napo leiðbeiningaefnisins er á

heimasíðunni: <https://www.napofilm.net/en/about-napo/the-napo-story>

Árni Jósteinsson 2016